



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 7. júní 2021

USK2021060006

6.9.0

Borgarráð

### ***Grasagarður Reykjavíkur.***

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir 2021 vegna endurbóta í Grasagarði Reykjavíkur.

Kostnaðaráætlun 2 vegna framkvæmda 2021 er 20 m.kr.

Greinargerð:

Um er að ræða 1. áfanga framkvæmda við endurbætur m.a. á inngangi, endurgerð og stækkun á torgsvæði og tengingu þess við svokallað básasvæði og önnur svæði garðsins með göngustígum, torgsvæðum og tilheyrandi gróðursetningu.

Kostnaðarstaður: 3108

Kostnaðaráætlun 2 vegna framkvæmda 2021: 20 m.kr.

Framkvæmdir mynda stofn til gatnaleigu.

Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

Kynning

# GRASAGARÐUR

ENDURBÆTUR – 1. ÁFANGI



UMHVERFIS- OG  
SKIPULAGSSVIÐ

# YFIRLITSMYND

## Núverandi ástand


Básar eru gamalt ræktunarsvæði í Grasagarðinum og er rúmir 4.500 m<sup>2</sup>.

Svæðið afmarkast af núverandi sýningarsvæði Grasagarðsins til suðvesturs með hávaxinni seljutrjáröð og til norðvesturs í áttina að nýrri steinhæð garðsins þar sem í dag er girðing .



# YFIRLITSMYND

## Heildarplan fyrir framkvæmdir næstu ára



YFIRLITSMYND  
Framkvæmda-  
svæði  
1. ÁFANGI



# LÝSING Á FRAMKVÆMD

Núverandi torg við skúlptúrinn Fyssu hefur sigið og þarfnast lagfæringar. Torgið verður endurgert og stækkað í átt að tjörn auk þess sem lagður verður skógarstígur út frá torginu og yfir Básasvæðið. Einnig verður lagður stígur frá miðsvæði garðsins (Kaffi Flóru) og að nýju steinhæðinni.

Markmið með framkvæmdinni er að tengja torgið við svokallað básasvæði og önnur svæði garðsins með göngustígum, torgsvæðum og tilheyrandi gróðursetningu.

Með framkvæmdinni mun sýningarvæði garðsins stækka og aðgengi almennings að fleiri svæðum garðsins opnað. Meiri möguleikar verða til að nýta Grasagarðinn til útikennslu og fræðslustarfs.

# KOSTNAÐUR OG VERKTÍMI

Áætlaður heildarkostnaður er 20 MKR.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir í ágúst og að þeim ljúki í desember 2021.

# TILGANGUR

Grasagarðurinn er eitt af söfnum Reykjavíkurborgar og heldur utan um lifandi safnkost platna. Í garðinum eru varðveittir um 5000 safngripir af um 3000 tegundum og mikilvægt að aðgengi almennings og fræðimanna að safninu sé gott.

Heimasíða Grasagarðsins í Laugardal er <https://grasagardur.is/>

Grasagarðurinn er líka á Facebook.



# NÚVERANDI TORGSVÆÐI





TAKK  
FYRIR